



Bæjarstjórn Garðabæjar 6. (976)/2026

Boðað er til 6. (976). fundar bæjarstjórnar fimmtudaginn 19. mars 2026 kl. 17:00 í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Dagskrá:

1. 2603010F - Fundargerð bæjarráðs frá 10/3 '26.
2603078 - Beiðni Sorpu bs. um afgreiðslu lánessamnings.
2603077 - Bókun frá 624. fundi stjórnar SSH - Þjónustusamningur og samstarfssamningur vegna almenningssamgangna, dags. 04.03.26.
2. 2603023F - Fundargerð bæjarráðs frá 17/3 '26.
2602301 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Dalprýði 13 - Umsókn um byggingarleyfi.
2603130 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Útholt 13-21 - Deiliskipulagsbreyting
2603159 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Ránargrund 2 - Fyrirspurn til umhverfissviðs
3. 2603017F - Fundargerð íþrótt- og tómstundaráðs frá 11/3 '26.
4. 2603018F - Fundargerð menningar- og safnanefndar frá 13/3 '26.
5. 2603013F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 12/3 '26.
6. 2602049F - Fundargerð skólanefndar grunnskóla frá 4/3 '26.
7. 2602026F - Fundargerð stjórnar Hönnunarsafns Íslands frá 17/2 '26.
8. 2601375 - Fundargerð stjórnar SSH frá 2/3 '26.
9. 2601508 - Fundargerð stjórnar SHS frá 20/2 '26.
10. 2311400 - Hjólreiðastefna Garðabæjar.
11. 2410186 - Skuldabréfaútboð Garðabæjar.
12. 2512335 - Lóð fyrir hjúkrunarheimili í Vetrarmýri.
13. 2601547 - Hjallastefnan, uppbygging á Vífilsstöðum.



14. 2603220 - Endurnýjun samstarfssamnings við Umf. Stjórnuna.

Almar Guðmundsson,
bæjarstjóri.

Bæjarráð Garðabæjar
9. (2204). fundur 2026

Þriðjudaginn 10. mars 2026 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Björg Fenger formaður, Margrét Bjarnadóttir varamaður, Hrannar Bragi Eyjólfsson aðalmaður, Þorbjörg Þorvaldsdóttir aðalmaður, Rakel Norðfjörð Vilhjálmsson dóttir varamaður, Guðlaugur Kristmundsson áheyrnarfulltrúi, Almar Guðmundsson bæjarstjóri, Lúðvík Örn Steinarsson sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs, Svanhildur Þengilsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs, Linda Udengård sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs, Guðbjörg Brá Gísladóttir sviðsstjóri umhverfissviðs, Ágúst Þór Guðmundsson sviðsstjóri þróunar- og þjónustusviðs og Guðný Hrönn Antonsdóttir samskipta- og kynningarfulltrúi.

Fundargerð ritaði: Lúðvík Örn Steinarsson, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2410186 - Skuldabréfaútboð Garðabæjar

Bæjarráð samþykkir að fela Arion banka að sjá um skuldabréfaútboð á vegum bæjarins í útistandandi skuldabréfaflokkum GARD 11 1 að fjárhæð allt að kr. 1.500.000.000, í samræmi við samþykktar lántökuheimildir

2. 1906092 - Götulýsing í Garðabæ.

Egill Daði Gíslason, deildarstjóri umhverfis og framkvæmda og Guðbjörg Brá Gísladóttir sviðsstjóri umhverfissviðs fóru yfir stöðu götulýsingar í Garðabæ, endurnýjun lampa og áætlaðar framkvæmdir ásamt yfirliti yfir þróun kostnaðar við götulýsingu í Garðabæ undanfarin ár.

3. 2601457 - Garðatorg 3 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Garðabæ, kt. 570169-6109 leyfi fyrir endurbyggingu göngugötu við Garðatog 3.

4. 2509045 - Stekkholt 8 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Armed Zogaj, kt. 010578-2059, leyfi til að byggja tveggja hæða einbýlishús með innbyggðri bílgeymslu að Stekkholti 8.

5. 2510424 - Stekkholt 31 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Gráhyrnu ehf., kt. 610415-0320, leyfi til að byggja íbúð á tveimur hæðum í raðhúsalengju ásamt innbyggðum bílskúr að Stekkholti 31.

6. 2510425 - Stekkholt 33 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Gráhyrnu ehf., kt. 610415-0320, leyfi til að byggja íbúð á tveimur hæðum í raðhúsalengju ásamt innbyggðum bílskúr að Stekkholti 33.

7. 2510426 - Stekkholt 35 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Gráhyrnu ehf., kt. 610415-0320, leyfi til að byggja íbúð á tveimur hæðum í raðhúsalengju ásamt innbyggðum bílskúr að Stekkholti 35.

8. 2510427 - Stekkholt 37 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Gráhyrnu ehf., kt. 610415-0320, leyfi til að byggja íbúð á tveimur hæðum í raðhúsalengju ásamt innbyggðum bílskúr að Stekkholti 37.

9. 2510428 - Stekkholt 39 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Gráhyrnu ehf., kt. 610415-0320, leyfi til að byggja íbúð á tveimur hæðum í raðhúsalengju ásamt innbyggðum bílskúr að Stekkholti 39.

10. 2510429 - Stekkholt 41 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Gráhyrnu ehf., kt. 610415-0320, leyfi til að byggja íbúð á tveimur hæðum í raðhúsalengju ásamt innbyggðum bílskúr að Stekkholti 41.

11. 2601404 - Leiðrétting tilboðstalna í verkið - Stækkun Tónlistarskóla.

Við yfirferð tilboða af hálfu VSB verkfræðistofu komu í ljós reiknivillur nokkurra tilboðsgjafa. Gerðar voru viðeigandi leiðréttingar á útreikningi tilboða sem innihéldu reiknivillur og nýr niðurstöðulisti sendur bjóðendum.

Eftirfarandi tilboð bárust í útboðsverkið "Stækkun Tónlistarskóla":

1. Aðalvík ehf., kr. 468.038.706, 89,0%.
2. Alefli ehf., kr. 523.954.439, 99,6%.
3. All Verk ehf., kr 477.224.364, 90,8%.
4. Atlas verktakar ehf., kr. 554.077.873, 105,4%.
5. E. Sigurðsson ehf., 492.212.181, 93,6%.
6. Eykt hf., kr. 561.470.947, 106,8%.
7. Húsameistari ehf., 608.873.560, 115,8%.
8. Íslenskir aðalverktakar hf., 622.837.123, 118,5%.
9. K16 ehf., kr. 529.803.345, 100,8%.
10. Landris ehf., kr. 539.499.153, 102,6%.
11. PK Verk ehf., kr. 593.844.284, 112,9%.
12. Sjammi ehf., kr. 499.997.404, 95,1%.
13. Stéttafélagið ehf., kr. 561.930.984, 106,9%.
14. Tindhagur ehf., kr. 652.983.592, 124,2%.

Kostnaðaráætlun verkkaupa kr. 525.806.879, 100,00%, Bæjarráð samþykkir að taka tilboði lægstbjóðanda Aðalvíkur ehf., að fjárhæð kr. 468.038.706, (89,0% af kostnaðaráætlun).

Samþykktin er með fyrirvara um að uppfylltir séu allir skilmálar útboðsins og er sviðsstjóra umhverfissviðs falin afgreiðsla málsins. Vakin er athygli á að samkvæmt 86. gr. laga um opinber innkaup nr. 120/2016 þarf að liða 5 daga biðtími frá ákvörðun um töku tilboðs til gerðar samnings. Heimilt er að skjóta ákvörðun bæjarráðs til kærunefndar útboðsmála og er kærufrestur samkvæmt 106. gr. laga um opinber innkaup 20 dagar frá því að kæranda var eða mátti vera kunnugt um ofangreinda ákvörðun.

12. 2603065 - Hönnun - Útboð - Hreinsun Gatna í Garðabæ 2026-2028.

Lögð fram útboðs- og verklýsing COWI Ísland ehf. f.h. Garðabæjar vegna hreinsunar gatna í Garðabæ 2026-2028.

Bæjarráð samþykkir fyrirbyggjandi útboðs- og verklýsingu og felur umhverfissviði framkvæmd útboðsins fyrir hönd Garðabæjar.

13. 2603092 - Hönnun - Útboð - Þorraholt Yfirborðsfrágangur.

Eftirfarandi tilboð bárust í útboðsverkið "Þorraholt. Malbikun og yfirborðsfrágangur 2026":

1. Garðyrkjuþjónustan ehf., kr. 128.069.550, 98,64%.
2. Gleipnir verktakar ehf., kr. 118.000.00, 90,88%.
3. Fagurverk ehf., kr. 89.451.400, 68,89%.
4. Óskatak ehf., kr. 149.940.900, 115,48%.
5. Lóðaðþjónustan ehf., kr. 127.407.455, 98,13%.
6. D. Ing verk ehf., kr. 118.764.000, 91,47%.
7. Gott verk ehf., kr. 100.021.400, 77,04%.
8. Stjórnugarðar ehf., kr. 122.182.700, 94,10%.
9. Eggert Skúlason ehf., kr. 121.421.292, 93,52%.
20. Jarðtækni og JJ pípulagnir, kr. 127.957.460, 98,55%.
11. Grafa og grjót ehf., kr. 108.876.767, 83,86%.
12. EMKAN ehf., kr. 118.800.000, 91,50%.

Kostnaðaráætlun verkkaupa kr. 129.838.300, 100,00%, Bæjarráð samþykkir að taka tilboði lægstbjóðanda Fagurverk ehf., að fjárhæð kr. 89.451.400, (68,89% af kostnaðaráætlun).

Samþykktin er með fyrirvara um að uppfylltir séu allir skilmálar útboðsins og er sviðsstjóra umhverfissviðs falin afgreiðsla málsins. Vakin er athygli á að samkvæmt 86. gr. laga um opinber innkaup nr. 120/2016 þarf að líða 5 daga biðtími frá ákvörðun um töku tilboðs til gerðar samnings. Heimilt er að skjóta ákvörðun bæjarráðs til kærunefndar útboðsmála og er kærufrestur samkvæmt 106. gr. laga um opinber innkaup 20 dagar frá því að kæranda var eða mátti vera kunnugt um ofangreinda ákvörðun.

14. 2512335 - Lóð fyrir hjúkrunarheimili í Vetrarmýri.

Bæjarstjóri gerði grein fyrir fyrirbyggjandi drögum að samkomulagi milli Félags- og húsnæðismálaráðuneytisins og Garðabæjar um uppbyggingu hjúkrunarheimilis í Garðabæ fyrir allt að 100 ný rými.

Gert er ráð fyrir að nýja hjúkrunarheimili verði reist á lóð að Vetrarbraut 19, en fyrirhugað er að húsnæðið á lóðinni verði byggt fyrir milligöngu sveitarfélagsins að undangengnu útboð. Framkvæmd útboðsins verði þannig í höndum Garðabæjar en fjármögnun þess af hálfu ríkisins.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja fyrirbyggjandi samkomulag og felur Almari Guðmundssyni, bæjarstjóra, að undirrita samkomulagið fyrir hönd Garðabæjar.

15. 2601547 - Hjallastefnan, uppbygging á Vífilsstöðum.

Bæjarstjóri og sviðsstjóri Guðbjörg Linda Udengard sviðsstjóri fræðslu- og frístundarsviðs gerðu grein fyrir samkomulagi um við Hjallastefnuna um sameiginlegar áherslur, uppbyggingu og rekstur skólustarfsemi Hjallastefnunnar á Vífilsstöðum.

Markmið samkomulagsins er að kveða á um uppbyggingu, húsnæðis- og lóðamál milli aðila vegna skólustarfsemi Hjallastefnunnar á Vífilsstöðum.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja fyrirbyggjandi samning og felur Almari Guðmundssyni, bæjarstjóra, að undirrita samninginn fyrir hönd Garðabæjar.

16. 2603078 - Beiðni Sorpu bs. um afgreiðslu lánssamnings.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja beiðni stjórnar SORPU bs. um heimild til að fjármögnunar endurvinnslustöðvar vað Lambhaga með lánum hjá Lánasjóði sveitarfélaga.

Annars vegar er um að ræða lán skv. lánssamningi nr. 2603_17 að fjárhæð kr. 320.000.000.

Lánið er verðtryggt með grunnvísitölu 668,3 stig og verðtryggðum vöxtum sem eru 2,5% og fastir allan lánstímann. Virkir vextir samningsins eru 3,9%.

Hins vegar er um að ræða lán skv. lánssamningi nr. 2603_18 að fjárhæð kr. 30.000.000. Lánið verðtryggt með grunnvísitölu 668,3 stig og verðtryggðum vöxtum sem eru 3,9% árlega og fastir allan tímann.

17. 2603077 - Bókun frá 624. fundi stjórnar SSH - Þjónustusamningur og samstarfssamningur vegna almenningsamgangna, dags. 04.03.26.

Lagt fram erindi Samtaka sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu vegna þjónustusamnings sveitarfélaga og ríkis við Almenningsamgöngur höfuðborgarsvæðisins ohf. og samstarfssamning Strætó bs. og Almenningsamgangna ohf. Jafnframt eru lögð fram lokadrög framangreindra samninga.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja fyrirbyggjandi þjónustusamning og samstarfssamning og fela Almari Guðmundssyni, bæjarstjóra, að undirrita samningana fyrir hönd Garðabæjar.

18. 2603088 - Erindi Alþingis varðandi frumvarp til laga um breytingu á lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum og lögum um Vegagerðina, 499 mál, dags. 05.03.26.

Lagt fram.

19. 2603102 - Erindi Alþingis varðandi frumvarp til sveitarstjórnarlaga, 505 mál, dags. 06.03.26.

Lagt fram erindi nefnda- og greiningarsviðs Alþingis vegna frumvarps til nýrra Sveitarstjórnarlaga.

Bæjarráð felur bæjarstjóra og sviðsstjóra fjármála- og stjórnsýslusviðs að koma á framfæri umsögn Garðabæjar um frumvarpið, en frestur til umsagna er til og með 20. mars 2026.

20. 2603019 - Bréf Lánasjóðs sveitarfélaga um boðun aðalfundar þann 20/3 '26.

Lagt fram.

Fleira ekki gert.,

Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar þriðjudaginn 10. mars 2026 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Björg Fenger, (sign)

Margrét Bjarnadóttir, (sign)

Hrannar Bragi Eyjólfsson, (sign)

Þorbjörg Þorvaldsdóttir, (sign)

Rakel Norðfjörð Vilhjálmisdóttir, (sign)

Guðlaugur Kristmundsson, (sign)

Bæjarráð Garðabæjar
10. (2205). fundur 2026

Þriðjudaginn 17. mars 2026 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Björg Fenger formaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir varaformaður, Hrannar Bragi Eyjólfsson aðalmaður, Þorbjörg Þorvaldsdóttir aðalmaður, Brynja Dan Gunnarsdóttir aðalmaður, Guðlaugur Kristmundsson áheyrnarfulltrúi, Almar Guðmundsson bæjarstjóri, Lúðvík Örn Steinarsson sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs, Svanhildur Þengilsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs, Linda Udengård sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs, Guðbjörg Brá Gísladóttir sviðsstjóri umhverfissviðs, Ágúst Þór Guðmundsson sviðsstjóri þróunar- og þjónustusviðs og Guðný Hrönn Antonsdóttir samskipta- og kynningarfulltrúi.

Fundargerð ritaði: Lúðvík Örn Steinarsson, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2410186 - Skuldabréfaútboð Garðabæjar

Á fund bæjarráðs mætti Lúðvík Hjalti Jónsson, fjármálastjóri og gerði grein fyrir tilboðum í lántöku. Skuldabréfaútboði Garðabæjar í skuldabréfaflokknum GARD 11 1 lauk 16. mars 2026. Heildartilboð í flokkinn voru 7 talsins og námu samtals 2.273,5 m.kr. að nafnverði. Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að heimila bæjarstjóra að samþykkja tilboð samkvæmt útboðinu að fjárhæð allt að 1.043,5 m.kr. að nafnverði, með ávöxtunarkröfu upp á 3,78%. Markaðsvirði útgáfunnar nemur 1.499.341.653 kr. Fyrir útboðið var útistandandi í skuldabréfaflokknum GARD 11 1 að nafnverði 5.190 m.kr., en heildarstærð flokksins eftir útboðið verður því 6.233,5m.kr. að nafnverði. Framangreindar fjárhæðir eru í samræmi við samþykktar lántökuheimildir.

2. 2311400 - Hjólreiðastefna Garðabæjar

Hrönn Hafliðadóttir, verkefnastjóri skipulagsmála, kynnti drög að Hjólreiðastefnu Garðabæjar 2025-2030. Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja fyrirbyggjandi drög að Hjólreiðastefnu Garðabæjar.

3. 1903268 - Tölulegar upplýsingar í barnavernd.

Anna Eygló Karlsdóttir, deildarstjóri barnaverndar fór yfir tölulegar upplýsingar í barnavernd.

4. 2603007 - Tilkynning Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála um frumkvæðisathugun á eftirlitsskyldum barnaverndarþjónusta vegna barna í föstri, dags. 03.03.26.

Anna Eygló Karlsdóttir, deildarstjóri barnaverndar kynnti tilkynningu Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála um frumkvæðisathugun á eftirlitsskyldri barnaverndarþjónustu vegna barna í föstri. Þá kynnti hún fyrirkomulag vinnu Garðabæjar við svör við erindinu. Bæjarráð vísar erindinu til úrvinnslu á velferðarsviði.

5. 2510261 - Stafræn málefni - nýr vefur

Ágúst Þór Guðmundsson, sviðsstjóri þjónustu- og þróunarsviðs kynnti vinnu við nýjan vef bæjarins, sem til stendur að verði opnaður innan skamms.

6. 2509036 - Garðatorg 7 - Þjónustuver, Umsókn um byggingarheimild.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Garðabæ, kt. 570169-6109, leyfi fyrir innanhússbreytingum á afgreiðslu bæjarskrifstofu Garðabæjar, að Garðatorgi 7.

7. 2601520 - Stekkholt 18 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Tandra Má Konráðssyni, kt. 080690-2319, leyfi til að byggja einbýlishús á tveimur hæðum að Stekkholti 18.

8. 2603159 - Ránargrund 2 - Fyrirspurn til umhverfissviðs

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Vog, siglingaklúbbi, kt. 590380-0169, stöðuleyfi fyrir aðstöðuhús við bátaramp að Ránargrund 2.

9. 2602301 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Dalprýði 13 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 12. mars 2026 varðandi umsókn um byggingarleyfi að Dalprýði 13, sem gerir ráð fyrir nýjum glugga á norðurhlið íbúðarhússins. Innanhúsbreyting sú sem kallar á þessa útlitsbreytingu er sú að gert verður ráð fyrir svefnherbergi á þessum stað. Í deiliskipulagsgreinargerð deiliskipulags Garðahrauns segir í kafla 2.2.2. Húsagerðir: "Þó að ákvæði um nýtingahlutfall og byggingarreiti sé mjög rýmilegt, ber að taka tillit til útisvæða lóða í sólarátt og innsýnismöguleika frá öðrum húsum, auk hraunmyndana á lóðum."

Með vísan í ofangreint ákvæði vísaði skipulagsnefnd umsókninni til grenndarkynningar sem óverulegri breytingu deiliskipulags Garðahrauns í samræmi við 2.mgr.44.gr.skipulagslaga nr.123/2010 hvað innsýnismöguleika varðar. Grenndarkynna skal eigendum Dalprýði 10 og 11.

10. 2603130 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Útholt 13-21 - Deiliskipulagsbreyting

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 12. mars 2026 varðandi tillögu að breytingu deiliskipulags Hnoðrahólts norður sem nær til raðhúslengjunnar Útholt 13-21.

Fyrir breytingu eru byggingareitir endahúsa 10,5 m en miðjuhúsa 9,0 m. Tillagan gerir ráð fyrir því að allir byggingareitir verði 9,6 m. Mörk byggingareita milli húsa færast því til í þeim tilgangi að jafna stærðir húsanna.

Skipulagsnefnd mat breytinguna sem óverulega breytingu deiliskipulags Hnoðrahólts norður í samræmi við 2.mgr.43.gr. skipulagslaga nr.123/2010. Í samræmi við 2.ml. 3.mgr.44.gr.sömu laga er grenndarkynning felld niður.

11. 2603159 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Ránargrund 2 - Fyrirspurn til umhverfissviðs

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 12. mars 2026 varðandi fyrirspurn siglingaklúbbsins Vogs til Garðabæjar um veitingu stöðuleyfis fyrir aðstöðuhús á lóðinni Ránargrund 2. Húsinu er ætlað að veita aðstöðu til fataskipta og kennslu sem og fyrir búnað tengdum fyrstu hjálp. Húsin samanstanda af tveimur einingum sem eru 6,1 x 2,45 að grunnfleti og 2,6 m á hæð.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við að veitt verði stöðuleyfi fyrir húsin á meðan þau uppfylla eftirfarandi skilyrði:

Grunnflötur þeirra sé 2 x 2,45 x 6,1 m²

Hæð þeirra sé að hámarki 2,6 m.

Leyfið verði veitt til 1.október nk.

Leyfið verði veitt fyrir starfsemi í tengslum við ungmennastarf siglingaklúbbsins.

12. 2601351 - Hönnun - Útboð -Lambamýri 2. áfangi - Frístundaþjónusta fyrir fötluð ungmenni.

Lögð fram útboðslýsing innanhússfrágangs félagsmiðstöðvar frístundaþjónustu fyrir fötluð ungmenni að Lambamýri 1-3.

Bæjarráð samþykkir fyrirbyggjandi útboðs- og verklýsingu og felur umhverfissviði framkvæmd útboðsins fyrir hönd Garðabæjar.

13. 2603213 - Hönnun - Útboð - Búsetukjarni við Haustbraut, jarðvinna.

Lögð fram útboðslýsing vegna jarðvinnu fyrir 7 íbúða búsetukjarna ásamt starfsmannaaðstöðu við Haustbraut 2.

Bæjarráð samþykkir fyrirbyggjandi útboðs- og verklýsingu og felur umhverfissviði framkvæmd útboðsins fyrir hönd Garðabæjar.

14. 2603238 - Hönnun - Útboð - Sláttur og hirðing 2026-2028.

Lögð fram útboðs- og verklýsing vegna sláttar og hirðingar 2026-2028.

Bæjarráð samþykkir fyrirbyggjandi útboðs- og verklýsingu og felur umhverfissviði framkvæmd útboðsins fyrir hönd Garðabæjar.

15. 2603220 - Endurnýjun samstarfssamnings við Umf. Stjórnuna.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja endurnýjun samstarfssamnings við UMF Stjórnuna og samning um rekstur knattspyrnuvalla í Garðabæ, báða með gildistíma til 31. desember 2028.

16. 2603102 - Umsögn Garðabæjar varðandi frumvarp til sveitarstjórnarlaga, 505 mál.

Lögð fram drög að athugasemdum Garðabæjar vegna frumvarps til nýrra sveitarstjórnarlaga. Bæjarráð felur bæjarstjóra og sviðsstjóra fjármála- og stjórnsýslusviðs að koma sjónarmiðum bæjarins á framfæri í samráðsgátt.

Fleira ekki gert.,

Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar þriðjudaginn 17. mars 2026 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Björg Fenger, (sign)

Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)

Hrannar Bragi Eyjólfsson, (sign)

Þorbjörg Þorvaldsdóttir, (sign)

Brynja Dan Gunnarsdóttir, (sign)

Guðlaugur Kristmundsson, (sign)

Íþróttta- og tómstundaráð Garðabæjar

48. fundur 2026

Miðvikudaginn 11. mars 2026 kl. 08:00 kom íþróttta- og tómstundaráð Garðabæjar saman til fundar í ráðhúsi Garðabæjar við Garðatorg.

Fundinn sátu: Hrannar Bragi Eyjólfsson formaður, Laufey Jóhannsdóttir aðalmaður, Guðjón Pétur Lýðsson aðalmaður, Arnar Hólm Einarsson aðalmaður, Lilja Lind Pálsdóttir varamaður, Kári Jónsson íþróttta-,tómstunda- og forvarnarfulltrúi, Gunnar Richardson tómstundafulltrúi og Linda Udengård sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs.

Fundargerð ritaði: Kári Jónsson, íþróttta-, tómstunda- og forvarnarfulltrúi.

Fundurinn var haldinn í TORGINU ungmennahúsi Garðabæjar.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2511540 - Ungmennahús Garðabæjar

Farið var yfir niðurstöður nafnasamkeppni sem haldin var við vígslu ungmennahússins á Garðatorgi. Í kosningu sem fram fór í tengslum við samkeppnina varð nafnið Torgið fyrir valinu meðal þeirra sem tóku þátt.

Íþróttta- og tómstundaráð fagnar nýju nafni ungmennahúss Garðabæjar og telur það vel endurspeglar þann vettvang sem húsið á að vera fyrir ungt fólk í bænum; mannlífstorg ungmenna í bænum. Ráðið óskar húsinu og starfseminni til hamingju með nafnið Torgið og hlakkar til áframhaldandi öflugs starfs í þágu ungmenna í Garðabæ.

2. 2511167 - Þarfagreining um íþróttasvæði í og við Miðgarð

Formaður fór yfir framvindu þarfagreiningar og hugmyndavinnu vegna áframhaldandi uppbyggingar íþróttasvæðisins við Miðgarð. Í kynningu var meðal annars farið yfir þróun í uppbyggingu íþróttamannvirkja á Norðurlöndum og víðar í Evrópu, sem og þarfir íþróttafélaga, íbúa og skóla í bænum.

Íþróttta- og tómstundaráð telur mikilvægt að uppbygging svæðisins taki mið af bæði núverandi þörfum og framtíðarsýn um öflugt íþróttta- og tómstundastarf í Garðabæ.

3. 2404116 - Samráðsfundur Íþróttafélaga Garðabæjar

Stefnt er að vinnufundi Íþróttta- og tómstundaráðs Garðabæjar með íþróttafélögum bæjarins þann 24. mars nk. kl. 17:19 í Miðgarði, 2. hæð. Markmið fundarins er að eiga opið samtal um þau málefni sem snúa að starfsemi félaganna og þjónustu við íbúa Garðabæjar.

Íþróttta- og tómstundaráð leggur áherslu á mikilvægi virks samtals og samráðs við félögin og deildir þeirra um áframhaldandi þróun íþróttta- og tómstundastarfs í bænum. Íþróttta- og tómstundafulltrúa er falið að vinna málið áfram í samræmi við umræður á fundinum.

4. 2603138 - Framhaldsbolti

Íþróttta- og tómstundaráð fagnar verkefninu Framhaldsbolti, sem miðar að því að bjóða drengjum á aldrinum 16?19 ára sem hætt hafa reglulegri iðkun, eða vilja einfaldlega koma saman og spila knattspyrnu, upp á vettvang til hreyfingar og samveru.

Ráðið telur mikilvægt að skapa slík tækifæri fyrir ungt fólk til þátttöku í íþróttum á eigin forsendum og sér mikla möguleika í að bjóða upp á verkefnið í Miðgarði. Ráðið hvetur og telur mikilvægt að íþróttafélögin í bænum komi að því að koma verkefninu á fót í Miðgarði. Íþróttta- og

tómstundafulltrúa er falið að hafa samband við félögin og hefja samtál um framhaldsbolta.

5. 2512115 - Skólahreysti 20 ára

Lagt var fram erindi frá Skólahreysti þar sem óskað er eftir styrk frá Garðabæ vegna endurnýjunar á keppnisbúnaði og aðstöðu sem hefur verið í notkun frá upphafi verkefnisins. Afgreiðslu frestað.

6. 2603028 - Stjörnuhlaupið 2026

Kynning var lögð fram um tímasetningu og framkvæmd Stjörnuhlaupsins 16.mái nk. Stjörnuhlaupið hefur verið árlegur viðburður í Garðabæ síðan 2012 sem sameinar keppnisanda, gleði, hreyfingu og útivist. Hlaupahópur Stjörnunnar er framkvæmdaraðili hlaupsins. Boðið er upp á fjórar vegalengdir sem henta bæði byrjendum og reyndari hlaupurum og liggja allar hlaupaleiðirnar um fallega stíga Garðabæjar megin í Heiðmörk í einstöku landslagi og umhverfi. Stjörnuhlaup Sport24 er almenningshlaup fyrir alla sem vilja hreyfa sig og njóta fállegrar náttúru í leiðinni. Jafnframt er boðið upp á skemmtiskokk fyrir alla aldurshópa. Ágóði af skemmtiskokkinu rennur til Minningar- og styrktarsjóðs Arnarins í Garðabæ. Hlaupaleiðir 11 km, 17 km og 22 km veita ITRA stig. Skemmtiskokkið fer fram á malbikuðum stígum. Stjörnuhlaup Sport24 fer fram laugardaginn 16. maí kl. 10:00 frá íþróttahúsinu Miðgarði.

Íþrótt- og tómstundaráð fagnar því að Stjörnuhlaupið verði haldið í fjórtánda sinn í Garðabæ. Hlaupið hefur á undanförunum árum skapað sér sterkan sess í íþróttalífi bæjarins og sameinar á jákvæðan hátt hreyfingu, útivist og samfélagslega þátttöku. Ráðið lýsir ánægju með þann metnað sem stendur að baki viðburðinum og óskar framkvæmdaraðilum velfarnaðar með undirbúning og framkvæmd hlaupsins.

7. 2602446 - Umsókn um ferðastyrk íþrótt- og tómstundaráðs Garðabæjar

ÍTG samþykkir ferðastyrk kr. 50.000,- til Þórdísar Unnar Bjarkadóttur vegna EM innanhúss Plovdiv, Búlgaríu 13. feb 2026

8. 2602462 - Umsókn um ferðastyrk íþrótt- og tómstundaráðs Garðabæjar

ÍTG samþykkir ferðastyrk kr. 50.000,- til Þorbjargar Matthíasdóttur vegna EM í kraftlyftingum 22. mars 2026

9. 2603002 - Umsókn um ferðastyrk íþrótt- og tómstundaráðs Garðabæjar

ÍTG samþykkir ferðastyrk kr. 50.000,- til Önnu Guðrúnar Þórbergssdóttur vegna EM innandyrna í bogfimi 13.-22. febrúar í Plovdiv, Búlgaríu.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Menningar- og safnanefnd Garðabæjar
70. fundur 2026

Föstudaginn 13. mars 2026 kl. 08:30 kom menningar- og safnanefnd Garðabæjar saman til fundar í Seylunni í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Torfi Geir Símonarson formaður, Guðrún Arna Sturludóttir aðalmaður, Sveinbjörg Vilhjálmsdóttir aðalmaður, Rakel Norðfjörð Vilhjálmsdóttir aðalmaður, Laufey Arna Arnalds Johansen varamaður, Ólöf Hulda Breiðfjörð menningarfulltrúi og Ágúst Þór Guðmundsson sviðsstjóri þróunar- og þjónustusviðs.

Fundargerð ritaði: Ólöf Breiðfjörð, menningarfulltrúi.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2603139 - Bæjarlistamaður og heiðursviðurkenning 2026

Rætt um ábendingar sem borist hafa um val á bæjarlistamanni og heiðurviðurkenningarhafa.

2. 2603141 - Jazzþorpið í Garðabæ 2026

Ómar Guðjónsson kynnti helstu dagskrárliði Jazzþorpsins 2026 sem er litað af afmæli Garðabæjar en hátíðin stendur degi lengur en áður eða frá 30. apríl - 3. maí.

Gestir

Ómar Guðjónsson - 09:15

Ómar Guðjónsson - 00:00

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Skipulagsnefnd Garðabæjar
5. fundur 2026

Fimmtudaginn 12. mars 2026 kl. 08:00 kom skipulagsnefnd Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Björg Fenger formaður, Kjartan Vilhjálmsson aðalmaður, Guðrún Dóra Brynjólfssdóttir aðalmaður, Baldur Ólafur Svavarsson aðalmaður, Guðlaugur Kristmundsson aðalmaður, Hlynur Elías Bæringsson áheyrnarfulltrúi, Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri, Anna Guðrún Gylfadóttir byggingarfulltrúi, Guðbjörg Brá Gísladóttir sviðsstjóri umhverfissviðs og Hrönn Hafliðadóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Arinbjörn Vilhjálmsson, skipulagsstjóri.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1803108 - Norðurnes Álftaness, deiliskipulag

Edda Einarsdóttir arkitekt hjá Arkís kynnti valkosti við útfærslu skipulagstillagna sem mótaðir hafa verið í kjölfar ábendinga sem borist hafa í forkynningu.

Vísað til úrvinnslu hjá umhverfissviði og skipulagsráðgjöfum.

2. 1903374 - Skipulag - Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030. Breyting 3. Norðurnes

Edda Einarsdóttir arkitekt hjá Arkís kynnti valkosti við útfærslu skipulagstillagna sem mótaðir hafa verið í kjölfar ábendinga sem borist hafa í forkynningu.

Vísað til úrvinnslu hjá umhverfissviði og skipulagsráðgjöfum.

3. 2509209 - Umsókn um stöðuleyfi fyrir sauna hús

Lögð fram umsókn um stöðuleyfi fyrir sauna hús í landi Garðabæjar.

Hrönn Hafliðadóttir gerði grein fyrir athugun umhverfissviðs á valkostum varðandi veitingu leyfa fyrir saunahúsum.

Vísað til skoðunar hjá umhverfissviði.

4. 2603159 - Ránargrund 2 - Fyrirspurn til umhverfissviðs

Lögð fram fyrirspurn siglingaklúbbsins Vogs til Garðabæjar um veitingu stöðuleyfis fyrir aðstöðuhús á lóðinni Ránargrund 2. Húsinu er ætlað að veita aðstöðu til fataskipta og kennslu sem og fyrir búnað tengdum fyrstu hjálp. Húsin samanstanda af tveimur einingum sem eru 6,1 x 2,45 að grunnfleti og 2,6 m á hæð.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við að veitt verði stöðuleyfi fyrir húsin á meðan þau uppfylla eftirfarandi skilyrði:

Grunnflötur þeirra sé 2 x 2,45 x 6,1 m²

Hæð þeirra sé að hámarki 2,6 m.

Leyfið verði veitt til 1. október nk.

Leyfið verði veitt fyrir starfsemi í tengslum við ungmennastarf siglingaklúbbsins.

5. 2603010 - Vorbraut 61 - Fyrirspurn til umhverfissviðs

Lögð fram eftirfarandi fyrirspurn lóðarhafa raðhúsalengjunnar Vorbraut 49,51,53 og 55:

Lóðareigandi óskar eftir að skoðað verði í samráði við Garðabæ lóðarfrágang á horni lóðar Vorbraut 61 og að bæjarlandi. Mikill hæðarmunur er á Vorbraut 61 og niður að Vorbraut. Lítil vegalengd frá byggingarreit að lóðarmörkum. Nú liggur fyrir breytt lega á Vorbraut, þar sem hún hefur verið færð neðar í landi samkvæmt nýju skipulagi og bíður það uppá að nálgast lóðarfráganginn með nýjum hætti, þá mögulega að stækka lóðir eða skapa meira svigrúm fyrir mótaðri landslagshönnun sem skapar góða ásýnd úr suðri. Skipulagsnefnd vísar fyrirspurn til umhverfissviðs.

6. 2602301 - Dalprýði 13 - Umsókn um byggingarleyfi - Fl. 2

Lögð fram umsókn um byggingarleyfi sem gerir ráð fyrir nýjum glugga á norðurhlið íbúðarhússins. Innanhúsbreyting sú sem kallar á þessa útlitsbreytingu er sú að gert verður ráð fyrir svefnherbergi á þessum stað. Í deiliskipulagsgreinargerð deiliskipulags Garðahrauns segir í kafla 2.2.2. Húsagerðir:

Þó að ákvæði um nýtingahlutfall og byggingarreiti sé mjög rýmilegt, ber að taka tillit til útsvæða lóða í sólarátt og innsýnismöguleika frá öðrum húsum, auk hraunmyndana á lóðum.

Með vísan í ofangreint ákvæði vísar skipulagsnefnd umsókninni til grenndarkynningar sem óverulegri breytingu deiliskipulags Garðahrauns í samræmi við 2.mgr.44.gr.skipulagslaga nr.123/2010 hvað innsýnismöguleika varðar. Grenndarkynna skal eigendum Dalprýði 10 og 11.

7. 2602440 - Suðurtún 16 - Fyrirspurn til umhverfissviðs

Lögð fram fyrirspurn eigenda parhúshlutans Suðurtúns 16 um mögulega útfærslu á sólstofu í innskoti sem er á suðurhlið beggja parhúseininga.

Skipulag Suðurtúns sem samþykkt var árið 1999 gerir ráð fyrir ytri byggingarreit og heimild til að byggja á honum miðast við helming hliðar meginbyggingarreits. Hönnun hússins tekur mið af þessu ákvæði. Markmið deiliskipulagsins kemur fram í kafla 1.05 Megininntak, markmið og forsendur. Þar kemur fram það meginmarkmið m.a. að móta skjólgóða byggð. Hugmyndin um að heimila að byggja helming ytri byggingarreits hefur að öllum líkindum verið sú að skapa gott skjól utan húss. Með því að byggja í þessu innskoti þarf að breyta þessu ákvæði deiliskipulagsins.

8. 2603130 - Útholt 13-21 - Deiliskipulags breyting

Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags Hnoðrahólts norður sem nær til raðhúslengjunnar Útholt 13-21.

Fyrir breytingu eru byggingareitir endahúsa 10,5 m en miðjuhúsa 9,0 m. Tillagan gerir ráð fyrir því að allir byggingareitir verði 9,6 m. Mörk byggingareita milli húsa færast því til í þeim tilgangi að jafna stærðir húsanna.

Skipulagsnefnd metur breytinguna sem óverulega breytingu deiliskipulags Hnoðrahólts norður í samræmi við 2.mgr.43.gr. skipulagslaga nr.123/2010. Í samræmi við 2.ml. 3.mgr.44.gr.sömu laga er grenndarkynning felld niður.

9. 2603150 - Breyting á deiliskipulagi Suðurhafnar vegna Flensborgarhafnar

Skipulagsnefnd Garðabæjar gerir ekki athugasemd við tillöguna.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Skólanefnd grunnskóla Garðabæjar
37. fundur 2026

Miðvikudaginn 4. mars 2026 kl. 08:00 kom skólanefnd grunnskóla Garðabæjar saman til fundar í Álfthanesskóla.

Fundinn sátu: Sigríður Hulda Jónsdóttir formaður, Jóhann Steinar Ingimundarson aðalmaður, Bryndís Björk Ásgeirsdóttir aðalmaður, Hannes Ingi Geirsson aðalmaður, Rakel Norðfjörð Vilhjálmsdóttir varamaður, Tamar Klara Lipka Þormarsdóttir áheyrnarfulltrúi, Edda Björg Sigurðardóttir grunn- og tónlistarskólafulltrúi, Linda Udengård sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs, Anna María Skúladóttir fulltrúi skólastjóra, Ragnheiður Stephensen fulltrúi kennara og Vera Rut Ragnarsdóttir fulltrúi foreldra.

Fundargerð ritaði: Edda Björg Sigurðardóttir, grunn- og tónlistarskólafulltrúi Garðabæjar.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2509268 - Íbúakönnun - þjónustukönnun Gallup 2025

Hulda Hauksdóttir, deildarstjóri þjónustu og stafrænnar þróunar kynnti niðurstöður könnunar sem framkvæmd var frá 17. nóvember til 13. janúar sl. Niðurstöður eru mjög jákvæðar í öllum þáttum könnunarinnar. Skólanefnd er sérstaklega ánægð með jákvæða útkomu hvað varðar ánægju foreldra/forráðamanna með grunnskólastarf í bænum og þakkar stjórnendum og öllum starfsmönnum skóla ásamt skólaskrifstofu fyrir faglegt og metnaðarfullt starf.

2. 2602473 - Innritun nemenda í grunnskóla 2026-2027

Grunnskólafulltrúi sagði frá innritun í grunnskóla sem stendur yfir dagana 2.-10. mars. 328 nemendur fæddir árið 2020 eiga lögheimili í Garðabæ, munu hefja grunnskólagöngu haustið 2026. Nú er í fyrsta sinn innritað í gegnum Nemendagrunn sem er miðlægur gagnagrunnur sem heldur utan um skráningar nemenda í grunnskóla.

3. 2602474 - Kynning og samtal við skólastjórnendur í Álfthanesskóla

Skólanefnd þakkar skólastjórnendur Álfthanesskóla fyrir áhugaverða kynningu og lýsir ánægju sinni með að kynnst skólanum og skólastarfinu með þessum hætti.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Stjórn Hönnunarsafns Íslands
01. fundur 2026

Þriðjudaginn 17. febrúar 2026 kl. 11:30 kom stjórn Hönnunarsafns Íslands saman til fundar Hönnunarsafn Íslands.

Fundinn sátu: Stella Stefánsdóttir formaður, Vera Rut Ragnarsdóttir aðalmaður, Sigríður Sigurjónsdóttir forstöðumaður, Ólöf Hulda Breiðfjörð menningarfulltrúi og Ágúst Þór Guðmundsson sviðsstjóri þjónustu- og þróunarsviðs.

Fundargerð ritaði: Sigríður Sigurjónsdóttir, forstöðumaður.

Guðlaugur Kristmundsson forfallaðist.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2504003HO - Rekstur 2025

Farið yfir niðurstöður á rekstri Hönnunarsafnsins árið 2025.

2. 2504004HO - Aðsóknartölur 2025

Farið yfir aðsókn og helstu viðburði á árinu 2025. Samtals heimsóttu safnið 9891 gestir á árinu.

3. 1903003HO - Húsnæðismál Hönnunarsafns Íslands

Unnið hefur verið að því í samvinnu við menningar, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti að finna nýtt varðveislurými fyrir safnið.

4. 2306001HO - Stefnumótun 2023 - 2027

Fjölskyldusmiðjur fyrsta sunnudag í mánuði eru vel sóttar af barnafjölskyldum í Garðabæ. Rætt var um hugmyndir að viðburðum sem ná betur til nærsamfélagsins og unnið verður með hluta af þeim áfram og sjáum við þær í framhaldinu á dagskrá safnsins.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

624. fundur stjórnar SSH
var haldinn í Hamraborg 9, mánudaginn 2. mars 2026
og hófst hann kl. 13:00.

Fundinn sátu:

Heiða Björg Hilmissdóttir, Almar Guðmundsson, Ásdís Kristjánsdóttir, Regína Ásvaldsdóttir, Valdimar Víðisson, Þorbjörg Gísladóttir, Þór Sigurgeirsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH og Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur SSH

Ásdís Kristjánsdóttir varaformaður stjórnar setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

1. SSH Ársreikningur 2025 - 2602010

Fyrirliggjandi er ársreikningur SSH vegna ársins 2025. Haraldur Ö. Reynisson endurskoðandi hjá KPMG kynnrir helstu atriði ársreikningsins.

Gestir

Haraldur Ö. Reynisson endurskoðandi KPMG

Niðurstaða:

Stjórn samþykkir fyrirliggjandi ársreikning og verður hann sendur til rafrænnar undirritunar stjórnar og framkvæmdastjóra.

2. Sérskóli á höfuðborgarsvæðinu - Sóknaráætlun 2025 - 2502016

Fyrirliggjandi til kynningar eru drög að skýrslu vegna áhersluverkefnis sóknaráætlunar 2025 um fýsileikakönnun á sameiginlegri stofnun sérskóla á höfuðborgarsvæðinu. Arnar Haraldsson, ráðgjafi hjá HLH ráðgjöf kynnrir.

Gestir

Steinn Jóhannsson, formaður skólamálanefndar SSH og sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur

Arnar Haraldsson ráðgjafi.

Hanna Borg Jónsdóttir verkefnastjóri farsældarráðs höfuðborgarsvæðisins

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar og umræðu. Skýrslan verði unnin áfram til samræmis við umræður fundarins, m.a. með nánari greiningu og skýrri og ítarlegri framsetningu tillögu um framhaldið, og lögð fram að nýju að því loknu. Skrifstofu SSH er jafnframt falið að skipuleggja heimsókn stjórnar í Kletta- og Arnarskóla.

Valdimar Víðisson bæjarstjóri Hafnarfjarðar fór af fundi.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

3. Fyrirkomulag almenningssamgangna ríkis og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu - 2409007

Fyrirliggjandi eru drög að þjónustusamningi sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og ríkisins við Almenningsamgöngur höfuðborgarsvæðisins ohf.

Jafnframt eru fyrirliggjandi drög að samstarfssamningi milli Strætó bs. og Almenningsamgangna höfuðborgarsvæðisins ohf. um rekstur almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu.

Er gerð tillaga um að framangreindum samningsdrögum verði vísað til umræðu og afgreiðslu á vettvangi sveitarfélaganna og fylgt eftir þar með kynningum verði eftir því leitað.

Niðurstaða:

Samþykkt.

4. Álagsdreifing umferðar á hbsv. - Sóknaráætlun 2025 - 2502010

Framundan eru umfangsmiklar framkvæmdir vegna Samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins og á meðan og til framtíðar er sérstaklega mikilvægt að leita leiða til að bæta flæði samgöngumáta á svæðinu. Bætt umferðarflæði hefur bæði áhrif á ferðatíma þeirra sem ferðast með almenningssamgöngum og einkabíl.

Verkefnið „Álagsdreifing umferðar á höfuðborgarsvæðinu“ er eitt af áhersluverkefnum sóknaráætlunar árið 2025. Markmið þess er að greina og móta sameiginlegar aðgerðir á höfuðborgarsvæðinu vegna álagsdreifingar umferðar um svæðið. Skýrsla EFLU um verkefnið er nú fyrirliggjandi. Svæðisskipulagsstjóri kynnir.

Er þá lagt til að skýrslan verði kynnt fyrir kjörnum fulltrúum á örfundi.

Gestir

Ásdís Ólafsdóttir svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar. Skrifstofu SSH er þá falið að boða örfund til kynningar á skýrslunni.

5. Almyrkvi á sólu 12.08.2026 - 2504002

Umræður um stöðu mála hvað varðar undirbúning aðgerða vegna almyrkva á sólu.

Niðurstaða:

Umræður. Framkvæmdastjóra er falið að fylgja málinu eftir.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:00.

Fundargerð

**278. fundur stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins haldinn á skrifstofu
slökkviliðsstjóra, Skógarhlíð 14,
föstudaginn 20. febrúar 2026, kl. 08:00.**

Fundinn sátu:

Heiða Björg Hilmisdóttir, Ásdís Kristjánsdóttir, Valdimar Víðisson, Almar Guðmundsson, Regína Ásvaldsdóttir, Þór Sigurgeirsson, Birgir Finnsson, Aldís Rún Lárusdóttir, Ingveldur Lára Þórðardóttir og Ástríður Þórðardóttir.

Fundargerð ritaði: Ingveldur Lára Þórðardóttir, skrifstofustjóri SHS.

Ásdís Kristjánsdóttir situr fjarfund. Gestir viðstaddir fyrstu fimm dagskrárliði fundarins: Sif Jónsdóttir, ytri endurskoðandi SHS frá Grant Thornton, Sigrún Guðmundsdóttir, varaformaður endurskoðunarnefndar SHS, Ingunn Ólafsdóttir, innri endurskoðandi SHS, og Stefán Viðar Grétarsson frá Innri endurskoðun og ráðgjöf Reykjavíkurborgar.

1. Ársreikningur SHS 2025 - 2602008

Ástríður Þórðardóttir, fjármálastjóri SHS, Sif Jónsdóttir, ytri endurskoðandi SHS, og Sigrún Guðmundsdóttir frá endurskoðunarnefnd SHS fara yfir ársreikning SHS, endurskoðun hans og eftirlit og umsögn endurskoðunarnefndar.

Niðurstaða

Ársreikningur SHS 2025 samþykktur og undirritaður.

Fylgiskjöl

SHS 278 1.1 Ársreikningur SHS 2025.pdf

SHS 278 1.2 Umsögn ESKN um ársreikning 2025.pdf

2. Starfsskýrsla endurskoðunarnefndar SHS 2024-2025 - 2601041

Sigrún Guðmundsdóttir fer yfir starfsemi endurskoðunarnefndar SHS á tímabilinu ágúst 2024 til júní 2025.

Niðurstaða

Kynning.

Fylgiskjöl

SHS 278 2.1 Starfsskýrsla ESKN starfsárið 2024-2025.pdf

SHS 278 2.2 Tilk. um afgreiðslu ESKN á starfsskýrslu 2024-2025.pdf

3. Samkomulag um innri endurskoðun SHS 2026-2027 - 2512015

Ingunn Ólafsdóttir, innri endurskoðandi SHS, leggur fram til samþykktar drög að nýju samkomulagi SHS og Innri endurskoðunar og ráðgjafar Reykjavíkurborgar um innri

endurskoðun SHS fyrir árin 2026 og 2027.

Niðurstaða

Samkomulag um innri endurskoðun SHS 2026-2027 samþykkt og undirritað.

Fylgiskjöl

SHS 278 3.1 Samkomulag um innri endurskoðun 2026-2027.pdf

SHS 278 3.2 Bréf IER til stjórnar v. samnings.pdf

SHS 278 3.3 Upplýsingastefna IER.pdf

4. Innri endurskoðunaráætlun 2026-2027 - 2512016

Ingunn Ólafsdóttir, innri endurskoðandi SHS, fer yfir verkefni á áætlun innri endurskoðunar SHS 2026-2027.

Niðurstaða

Innri endurskoðunaráætlun 2026-2027 samþykkt.

Fylgiskjöl

SHS 278 4.1 Innri endurskoðunaráætlun 2026-2027.pdf

SHS 278 4.2 Afgreiðsla ESKN á innri endurskoðunaráætlun.pdf

SHS 278 4.3 Tilkynning IER til stjórnar um innri endursk.áætlun.pdf

5. Úttekt á netöryggi hjá SHS - 2504011

Stefán Viðar Grétarsson frá innri endurskoðun kynnir niðurstöður úttektar á netöryggi hjá SHS. Úttektin fór fram á árinu 2025 og voru niðurstöðurnar kynntar endurskoðunarnefnd í desember.

Niðurstaða

Kynning.

Fylgiskjöl

SHS 278 5.1 Niðurstaða úttektar - Netöryggi SHS.pdf

SHS 278 5.2 Afgreiðsla endurskoðunarnefndar - Netöryggi SHS.pdf

Sif, Sigrún, Ingunn og Stefán yfirgefa fundinn kl. 9.15.

6. Ný starfsstöð á Kjalarnesi - 2602014

Kynnt fyrirhuguð áform um nýtt húsnæði Reykjavíkurborgar á Kjalarnesi, sem mun hýsa starfsstöð SHS, þjónustumiðstöð Reykjavíkurborgar og björgunarsveitina Kjöl.

Niðurstaða

Kynning.

7. Önnur mál 2026 - 2601007

7.1 SHS fékk á dögnum styrk Eyvarar NCC-IS, hæfniseturs í netöryggi á Íslandi, til eflingar netöryggis og netöryggisvitundar hjá SHS.

Niðurstaða
Kynning.

Fundi slitið kl. 09:30.

Heiða Björg Hilmisdóttir

Ásdís Kristjánsdóttir

Valdimar Víðisson

Almar Guðmundsson

Regína Ásvaldsdóttir

Pór Sigurgeirsson